



REGLUGERÐ UM ÍSLANDSMÓT Í GOLFI KARLA OG KVENNA

1. kafli

1. gr.

GSÍ gengst árlega fyrir Íslandsmóti karla og kvenna í golfi.

2. gr.

Stjórn GSÍ skal auglýsa mótið og hafa yfirumsjón með framkvæmd þess. Stjórn GSÍ skal skipa menn í mótsstjórn í samráði við viðkomandi klúbb a.m.k. einum mánuði fyrir mótið. Stjórn GSÍ skal skipa a.m.k. einn dómara á hvern keppnisvöll. Viðkomandi klúbbur skal leggja dómurum og mótsstjórn til golfbíla, talstöðvar eða önnur fjarskiptatæki og sjá um kostnað vegna mótsstjórnar og dómara. Skipaður yfirdómari skal hafa alþjóðleg dómara réttindi.

3. gr.

Stjórn GSÍ ákveður þáttökugjöld og sér sá klúbbur um innheimtu sem heldur mótið á hverjum tíma. Þáttökugjald rennur til þess klúbbs er heldur mótið.

GSÍ á allan rétt gagnvart ljósvakamiðlun frá Íslandsmóti. Sá klúbbur sem heldur mótið á hverjum tíma skal útvega fjölmiðlum viðeigandi aðstöðu í klúbbhúsi. Stjórn GSÍ hefur rétt til að kynna samstarfsaðila sína á þeim golfvöllum sem Íslandsmót fer fram, í formi skilta, með fánum eða öðrum þeim hætti sem stjórn GSÍ ákveður. Þá skal merki GSÍ ávallt koma fram á öllu því efni sem útgefið er í sambandi við Íslandsmót og jafnframt vörumerki þeirra aðila sem eru samstarfsaðilar GSÍ að mótinu.

4. gr.

Þátttakendur skulu tilkynna um þáttöku til þess klúbbs sem heldur mótið a.m.k. 3 dögum fyrir fyrsta mótsdag (t.d. í síðasta lagi kl. 23:59 á mánudegi ef mótið hefst á fimmtudegi). Mótsstjórn getur þó heimilað þáttöku, berist tilkynning síðar enda hafi hámarksfjöldi þátttakenda ekki verið náð.

5. gr.

Almennir keppnisskilmálar og almennar staðarreglur, sem stjórn GSÍ setur, skulu gilda í mótinu. Mótsstjórn getur þó auglýst viðbætur og frávik ef þörf krefur. Jafnframt skal hún hafa eftirlit með merkingum vallar og holustaðsetningum og getur ákveðið breytingar. Þá getur mótsstjórn



ákveðið að fresta eða fella niður umferð eða umferðir vegna veðurs. Staðarreglur og keppnisskilmálar skulu vera fyrir hendi þegar á fyrsta æfingadegi.

6. gr.

Þáttökugjöld skulu greidd við skráningu. Þáttökugjald fæst einungis endurgreitt séu forföll boðuð eigi síðar en kl. 18:00, þremur dögum fyrir fyrsta keppnisdag.

2. kafli

7 gr.

Þáttökurétt hafa íslenskir ríkisborgarar og erlendir kylfingar eftir a.m.k. þriggja ára samfellda búsetu hérlendis. Hámarksfjöldi þátttakenda skal vera 150 þar af allt að 30 konur. Ef fleiri skrá sig til leiks skal forgjöf ráða þáttökurétti þannig að þeir sem hafa lægri forgjöf ganga fyrir. Standi val á milli keppenda með jafnháa forgjöf skal hlutkesti ráða. Mótsstjórn er heimilt að fjölga keppendum um 1-2, þó þannig að það fjölgi ekki ráshópum.

Leika skal 72 holur á fjórum dögum. Eftir 36 holu leik skal leikmönnum fækkað í karlaflokki þannig að þeir sem hafa 72 lægstu skor halda áfram keppni. Ef keppendur eru jafnir í 72. sæti skulu þeir báðir/allir halda áfram. Þó skulu leikmenn ætíð fá að halda áfram keppni séu þeir 10 höggum eða minna á eftir þeim keppanda sem er í 1. sæti. Í kvennaflokki skal með sama hætti fækkað í 18 eftir 36 holu leik. Þó skulu leikmenn ætíð fá að halda áfram keppni séu þeir 10 höggum eða minna á eftir þeim keppanda sem er í 1. sæti.

8. gr.

Skyld er að keppnisvöllur sé opinn til æfinga fyrir skráða keppendur í minnst 2 daga fyrir mót. Heimilt er mótsstjórn að takmarka æfingu við eina umferð og skipuleggja rástíma ef með þarf.

9. gr.

Ef jafnt er að loknum 72 holum skal leika þriggja holu umspil og síðan bráðabana ef þörf er á um 1. sæti. Ekki skal leikið um önnur sæti.

10 gr.

Mótsstjórn ákveður rástíma og leikröð keppenda og skal hún kynnt ekki síðar en á fyrsta æfingadegi.

Óheimilt er að hafa fleiri en þrjá keppendur í hverjum ráshóp.



11. gr.

Sigurvegarar hljóta titlana Íslandsmeistari karla og Íslandsmeistari kvenna.

12. gr.

Að öðru leyti gilda móta- og keppendareglur GSÍ.

13. gr.

Þannig samþykkt á stjórnarfundum GSÍ 12. apríl 2017.